


**Afstöðumynd**
mkv. 1:500

## LÝSING ERINDIS

Erindið er til komið vegna fyrirhugaðra breytinga á gistiheimilinu (var áður Gistiheimilið Berg) að Bæjarhrauni 4. Byggingin, sem var hönnuð árið 1983 af Jóni Guðmundssyni arkitekt, er steinsteypt (útveggir og gólfplötur) með hefðbundnu timburþaki klæddu bárujárni. Breytingar á ytra útliti felast í því að brunastigar eru settir á báða gafla byggingarinnar, og gluggum á göflum 2. og 3. hæðar við brunastiga er breytt í hurðir til að bæta flóttaleiðir af hæðunum. Innra fyrirkomulag helst að mestu óbreytt á fyrstu hæð (innra skipulag gistiheimilisins breytist, en efnalaug og veitingastaður haldast óbreytt), á annari hæð breytist skipulag gistiheimilisins, og rými á þriðju hæð þar sem áður var líkamsræktarstöð verður nú hluti gistiheimilisins. Samkvæmt samþykktum uppdráttum eru nú 9 gistirými á jarðhæð (verða 6), 13 gistirými á annari hæð (verða 18) og á þriðju hæð bætast við 14 gistirými. Alls er því gert ráð fyrir 38 gistirýmum á gistiheimilinu. Öll gistirými verða með sér snyrtingum og eldhúskrók. Yfir eldhúsinnréttingum verður vifta með kolasíu, en stöðugt útsog á snyrtingum hjálpar til við loftræstingu á herbergjum.
Á jarðhæð verða sameiginleg þvotta-aðstaða og geymslur fyrir gesti. Sameiginleg sorpgeymsla fyrir húsið er staðsett á lóðarmörkum Bæjarhrauns 2 og 4 (sjá teikn. 533-203). Lyftu verður komið fyrir í húsinu, í tengslum við stigagang.

Bílastæðafjöldi er óbreyttur frá áður samþykktum uppdráttum.

Allar klæðningar verða í flokki 1. Loft á 3. hæð verður gipsklætt til að tryggja brunahólfun gistirýma.

1. HÆÐ. Á fyrstu hæð eru aðalinngangur og tæknirými, Efnalaugin Geysir, Veitingastaðurinn Græna Línan, 6 gistirými, geymslur fyrir gistiheimilið og fyrir gesti (læstar töskugeymslur, hjólageymsla, skápar fyrir vinnufatnað), þvottaaðstaða fyrir gesti og ræstiaðstaða.

2. HÆÐ. Á annari hæð eru 18 gistirými, móttaka og aðstaða fyrir starfsmann, setustofa og þvottaaðstaða fyrir gesti, tæknirými, nærgeymslur og ræstiaðstaða.

3. HÆÐ. Á þriðju hæð eru 14 gistirými, nærgeymslur, tæknirými og ræstiaðstaða.

BRUNAVARNALÝSING

1. Brunaviðvörunakerfi tengt viðurkenndri vaktstöð í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar verður til staðar í húsinu. Stjórnstöð staðsett í anddyri á fyrstu hæð.

2. Handslökkvitækjum verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

3. Flóttaleiðir af jarðhæð eru um aðaldyr í vestur, og bakdyr í austur. Flóttaleiðir af annari og þriðju hæð eru annars vegar um stigagang, og hins vegar um dyr á suður- og norðurgafli, um 1000mm radíus hringstiga niður á gangstétt. Annari og þriðju hæð er báðum skipt í tvö brunahólf með EICS-60 hurðum.

4. Útljósum og neyðarlýsingu verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð verða í öllum helstu rýmum.

6. Leiðbeiningum um flóttaleiðir verður komið fyrir á áberandi stað í öllum gistirýmum.

**TÁKN:**

| | |
|---|---|
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. | EI-60 |
| Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. | A-EICS-60 |
| Rýmingarleið. | ➔ |
| Útljós. | ÚT ➔ |
| Reykskynjari. | R |
| Brunaslanga. | 30 m |
| Stjórnstöð brunavarna | ! |
| Loftræst rými. | LR |
| Niðurfall | NF |

**Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.**

0 9 FEB. 2006

Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingarinnar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*

kári eiríksson
arkitekt faí
KÁRI EIRÍKSSON - kt: 0[illegible]0365-4059
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf. - kt: 570800-2210 - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj.
Sími: 565 9779 - GSM: 699 0999 - Email: kari@aok.is - www.aok.is

verkkaupi
**Heimir og Þorgeir ehf**

verk
**Bæjarhraun 4 - Hafnarfirði**
**GISTIHEIMILI**

| teikning | teikning nr. |
|---|---|
| **Afstöðumynd** | **0533** |
| **Lýsing erindis** | **201** |
| **AÐALUPPDRÁTTUR** | |

| hannað | teiknað | dags. |
|---|---|---|
| KE | KE | 12.des 2005 |
| mkv. 1:500 | tölvuskrá 0533-201.dwg | |

blaðstærð **A2**

**ath!** Öll mál eru í millimetrum.
Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.
Ósamræmi í teikningum skal tilkynna hönnuði strax.